

## **Lesferill.**

Lesferill er heiti á matstæki frá Menntamálastofnun sem inniheldur nokkra staðlaða prófaflokka í lestri fyrir 1. – 10. bekk. Í öllum árgöngum eru svokölluð lesfimiþróf sem meta lestrarfærni og framfarir í lestri hjá nemendum í grunnskóla. Þar sem um stöðluð próf er að ræða þá veita þau samanburð við nemendur á öllu landinu.

Hluti af Lesferli er staðlað lesskimunarpróf í 1. bekk en það er hópskimun á ákveðnum þáttum, þ.e.s. málþroska, bókstöfum og hljóðkerfisvitund. Skimunin er lögð fyrir í október.